
Loðskinn hf. ætlar að bjóða hærra verð fyrir gærurnar

EINS og frá var skýrt í blaðinu í gær eru allar horfur á að Sútunarverksmiðjan Loðskinn h.f. á Sauðárkróki verði að draga mjög úr framleiðslu sinni á næsta ári vegna skorts á hráefni. Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Loðskinns, sagði í gær að allt útlit væri fyrir að verksmiðjan yrði að hætta starfrækslu sinni í desember n.k. ef hún fengi ekki meira hráefni en nú stæði til boða. Sagði Jón það ætlun Loðskinns að reyna fyrir sér hjá sláturleyfishöfum og bjóða þeim hærra verð fyrir gærurnar og kanna þannig hvort unnt væri að fá meira hráefni fyrir verksmiðjuna.

Agnar Tryggvason, framkvæmdastjóri Búvörudeildar SÍS, sagði í samtali við blaðið í gær, að það væri rétt að Iðnaðardeild SÍS hefði óskað eftir því að auka kaup sín á hrágærum og Búvörudeildin gæti af þeim ástæðum ekki ráðstafað til Loðskinns h.f. nema hluta af þeim gærum, sem fyrirtækið hefði óskað eftir að fá keypt. — Búvörudeildin getur erfiðlega neitað Iðnaðardeildinni um þær gærur sem þeir óska eftir og geta borgað verðlagsgrundvallarverð fyrir. Að mínum dómi er það eðlilegt að þar sem kaupfélögin sjá okkur fyrir hráefni þá fari það hráefni til vinnslu hjá fyrirtækjum Sambandsins, sagði Agnar.

Hjörtur Eiríksson, framkvæmdastjóri Iðnaðardeildar SÍS, sagði að þegar Sútunarverksmiðja Sambandsins hefði verið endurbyggð á Akureyri hefði verið gert ráð fyrir því að verksmiðjan ynni úr milli 500 og 600 þúsund skinnum árlega. Um ástæðu þess að Iðnaðardeildin ætlar nú að auka kaup sín á hrágærum úr 350 þúsund gærum í 550 þúsund, sagði Hjörtur, að Iðnaðardeildin ætlaði bæði að auka framleiðslu sína á fullunnum gærum í fatnað og auka sölu sína á forsútuðum og klipptum gærum til erlendra aðila. — Það hefur verið stefna Iðnaðardeildarinnar að fullvinna sem mest af gærum hér heima en við höfum selt saltaðar gærur til Póllands síðustu 30 ár. Pólverjarnir notuðu þessar gærur í fatnað, sem þeir sendu á Evrópumarkað eða þann sama markað og við vorum að reyna að komast inn á. Þeir greiða gott verð fyrir gærurnar en hafa nú ákveðið að flytja sig yfir á Bandaríkjamarkað með sína vöru, sagði Hjörtur.




Árangur af gróðursetningu er víða farinn að setja svip á landið.

Hjörtur tók fram að Pólverjar hefðu gert það að skilyrði að fá 150 þúsund saltaðar gærur en hefðu aðeins fengið 100 þúsund. Iðnaðardeildin ætlar að selja Pólverjum 150 þúsund þvegin og klippt skinn og Loðskinn hefur einnig undirritað samninga um sölu á 200 þúsund sams konar skinnum til Póllands. — Það skiptir miklu fyrir okkur að geta fullnýtt verksmiðjuna á Akureyri og þegar ákveðið var að byggja hana upp með þessum hætti var gengið út frá því að Búvörudeildin skyldi sjá verksmiðjunni fyrir því hráefni, sem hún þyrfti og Búvörudeildin hefði umráð yfir. Það er ekki tilgangur okkar að kippa fótum undan einu eða neinu fyrirtæki, sagði Hjörtur að lokum.

Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Loðskinns h.f. sagði að í fyrra hefði verksmiðjan unnið úr alls 272.000 gærum og hefði fyrir-

Framhald á bls. 47.



Ljósm.: Sv. P.

Á degi iðnaðarins, á föstudaginn, á Akureyri, voru tveir akureyrskir iðnaðarmenn heiðraðir. Sigurður Kristinsson forseti Landssambands iðnaðarmanna afhenti þeim Pál Friðfinnssyni byggingameistara til vinstri á myndinni, og Kristjáni Nóa Kristjánssyni skipasmið, borðfána Landssambandsins. Þeir Páll og Kristján hafa unnið mikið og heilladrjúgt starf í þágu iðnaðarmála á Akureyri.

Hveragerði: Starfsstúlkur hreppsins komnar í setuverkfall

Hveragerði — 22. október

SKRIFSTOFUSTÚKUR hjá Hveragerðishreppi eru nú í setuverkfalli, þannig að þær taka nú ekki við neinum greiðslum frá þorpsbúum sem komið hafa á skrifstofuna í þeim erindagjörðum né svara í síma.

Stúlkurnar tjáðu fréttaritara Mbl. að hinn 23. september í fyrra hefði félag opinberra starfsmanna ritað hreppsnefnd Hveragerðis bréf, þar sem farið hefði verið fram á viðræður um röðun í launaflokka. Því bréfi hefði þá ekki verið svarað en síðan hefði verið ritað annað bréf nú í september — ári seinna — þar sem komið hefði fram krafa um niðurröðun í flokka til samræmis við önnur sveitarfélög í kring.

Það bréf var lagt fyrir hreppsnefnd hinn 28. september sl. og á þeim fundi hreppsnefndar hefði verið kosin samninganefnd til viðræðna við félag opinberra starfsmanna. Á viðræðufundi í kjölfar þessa hefði hreppsnefndin ekki sett fram neitt tilboð en hins vegar heitið því að tilboð skyldi liggja fyrir hinn 9. október sl. Ekkert slíkt tilboð hefði hins vegar enn komið fram, og þess vegna kváðust stúlkurnar nú sitja á skrifstofunni og hafast ekkert að.

Skógræktarfélag Reykjavíkur 30 ára

Í dag, sunnudag, á Skógræktarfélag Reykjavíkur 30 ára afmæli. Miðstöð Skógræktarfélagsins er í Fossvogi og þar eru aldar upp trjá- og runnaplöntur í hundruða þúsunda tali árlega. Athafnasvæði félagsins eru mörg, en þeirra víðáttumest er Heiðmörk. Þar hafa hin síðustu ár verið gróðursettar um 100 þúsund trjáplöntur árlega og er það starf að mestu unnið af unglingum í Vinnuskóla Reykjavíkurborgar. Önnur athafnasvæði félagsins eru Öskjuhlíð og Rauðavatnsstöð.

Félagar í Skógræktarfélaginu eru nú um 1300, en stjórn félagsins skipa: Björn Ófeigsson, Guðmundur Marteinsson, Jón Birgir Jónsson, Lárus Blöndal Guðmundsson og Sveinbjörn Jónsson. Framkvæmdastjóri er Vilhjálmur Sigtryggsson.

„Myndir úr mannlífinu og ríf-andi stemmning"

Sýningu Einars Hákonarsonar að ljúka á Kjarvalsstöðum

„Myndirnar eru úr mannlífinu, af fólki við alls konar iðju, við störf til lands og sjávar og að sjálfsögðu við leik, sem sagt því sem viðkemur mannlífinu," sagði Einar Hákonarson listmálari í rabbi um sýningu hans.

Það eru 88 myndir á sýningunni, en hún er opin fram á mánudagskvöld milli kl. 2 og 10.



Einar Hákonarson.



Ljósmynd Mbl. Friðþjófur.

Sérstæð altaristöflumynd er á sýningu Einars. „Já, það er gott að þið takið mynd af altaristöflunni, fer vel á því að trekkja upp á trúna því við erum svo trúaðir og það fylgir mikil blessun þessari mynd."

Einar sagðist hafa málað þessar myndir á síðustu 5 árum, en hann kvaðst vonast til að sjá fleira fólk á sýningunni um helgina. „Aðsóknin hefur verið sæmileg," sagði hann, „en það er nóg pláss fyrir fleiri gesti, nóg af myndum og rífandi stemmning úr ýmsum áttum, enda jafnvel smá landslagsrómantík hér og þar. Nú eru haustlitirnir í landinu, gott fyrir fólk að teygja úr sér og upplagt að líta við á Kjarvalsstöðum um helgina þar sem Magnús Á. Árnason er einnig með sýningu."

Eldfærin á Kjarvalsstöðum

Brúðuleikhúsið sýnir hið vinsæla leikrit Eldfærin í dag, sunnudag, á Kjarvalsstöðum kl. 15 og 17.



Sjómannasambandsþingið: Formannskjör í dag

FORMANNS- og stjórnarkjör til Sjómannasambands Íslands fer væntanlega fram í dag, en stefnt er að því að þingi sambandsins, sem stendur yfir í Lindarbæ, ljúki í dag.

Uppstillinganefnd hóf störf síðdegis í gær. Vitað er að Jón Sigurðsson, sem gegnt hefur formannsstörfum í sambandinu um árabil, hefur hug á að draga sig í hlé. Ljóst er að Óskar Vigfússon, formaður Sjómannafélags Hafnarfjarðar, nýtur fylgis margra sem eftirmaður Jóns Sigurðssonar en einnig hefur verið rætt um Karl Steinar Guðnason úr Keflavík og Pétur Sigurðsson frá Reykjavík í þessu sambandi. Þá er einnig hugsanlegt, að þingið muni skora á Jón Sigurðsson að gegna formennsku áfram.

Í gær voru nefndarstörf árdegis en eftir hádegi var venjulegum þingstörfum haldið áfram og kom þá á þingið fulltrúi frá Írska sjómannasambandinu, sem sérstaklega var til þess boðið.

Dr. Magnús Már Lárusson: Skjalaleit í Vatikaninu

BLAÐINU hefur borizt eftirfarandi frá dr. Magnúsi Má Lárussyni í tilefni fréttar í Morgunblaðinu:

Vegna erindis Þórarins Þórarinssonar, fyrrum skólastjóra, um skjalasafn Vatíkansins hinn 19. þessa mánaðar óska ég eftir að taka fram, að síra Frank J. Bullivant, O.M.I., kom til mín í skrifstofu rektors Háskóla Íslands kl. 10:30 hinn 6. júní 1972. Hann hafði þá verið aukakennari í ensku við heimspekideild um veturinn. *Erindi hans var að* spyrja mig, hvort hann gæti endurlaunað mér greiða frá því á árunum 1953—4. Hannn væri á förum til Rómar. Ég sagðist vera honum þakklátur, ef hann fyndi texta bréfs Páls páfa III. til Jóns biskups Arasonar, 9. marz 1549 í bréfabókum páfa, og stóð ekki á því eftir minni tilsögn, þar sem allar kópíubækurnar eru til. Það fannst í fyrstu atrennu þrátt fyrir það, sem segir í bók Guðbrands *Jónssonar: Jón Arason*, Rvík 1950, bls. 215 o.áfr., en þar segir, að leit hafi verið gerð að því þrívegis án árangurs. Að sjálfsögðu þótti mér vænt um þessa komu síra Franks, þar sem ekki var víst, að ég héldi sjón, en vildi vita, hvort ég í framtíðinni gæti orðið að liði í fræðunum. Nú er ég eineygður og þó truflaður á sjón.

Með hjálp og meðmælum menntamálaráðherra og sterkum meðmælum dr. Frehens biskups í Reykjavík tókst mér að komast til Rómar í nóvember 1974 til að huga nánar að skilyrðum og horfum í skjalaleit. Varð það til þess, að munnlegt samkomuleg varð á milli Antonio kardinála Samoré og mín á þá lund, að ég hefði fullan og óskoraðan aðgang að Archivio Segreto Vaticano, leyndarskjalasafni páfa og myndi njóta þar allrar aðstoðar og fyrirgreiðslu án takmarkana, m.a. ljósmyndunar, hvenær, sem ég kæmi þangað aftur, eða beiddist þess skriflega. Var það staðfest með bréfi 1975. Auk þess varð hin allt of stutta ferð til þess, að ég gat gengið frá útgáfutexta bréfs páfa, sem birtist í Árbók Landsbókasafns 1973, en kardinálanum var starsýnt á, hversu mjög var lagt upp úr textaútgáfu þessari í Árbókinni.

Það er von mín, að ríkisstjórnin verði við ósk minni um að setjast að í Rómarborg um tíma vegna handrita og bréfa Vatikansins o.fl., svo sem farið hefur verið fram á.